

## ***BORGARRÁÐ 25. nóvember 2021: Tillaga Flokks fólksins um útboð á úrgangspjónustu Reykjavíkur - R21110272***

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að bjóða skuli út úrgangspjónustu Reykjavíkurborgar. Flokkur fólksins vekur athygli á því að Samkeppnisstofnun gaf út skýrslu þar sem bent er á að með vel skilgreindum útboðum á úrgangspjónustu hafi sveitarfélög sparað 10 - 47% í kostnaði. Það ætti að vera hlutverk borgarfulltrúa að sjá til þess að úrgangspjónusta sé sem hagkvæmest fyrir íbúa og fyrirtæki. Varla er rekstur SORPU undantekning frá þeirri reglu að sparnaður náist – eða hvað? Fulltrúi Flokks fólksins vill nefna dæmi um árangur í útboði frá Osló enda skipulagsyfirvöld hrifin af mörgu því sem þar á sér stað: Eftir umfangsmikla undirbúningsvinnu, m.a. fundir með hagsmunaaðilum var ákveðið að skipta útboðinu upp í nokkra þætti. Tilboðin sem bárust voru um 30-40% lægri en kostnaður í eldra kerfi. (<http://www.kretslopet.no/nyheter/497-kraftig-prisreduksjon-pa-innsamling-i-oslo>) Fulltrúi Flokks fólksins vill að úrgangspjónusta verði eins hagkvæm fyrir íbúa og fyrirtæki og kostur er. Í sveitarfélögum þar sem horft til árangurs í útgangsmálum eru oft nefnd Akureyri og Stykkishólmur en þar er úrgangspjónusta boðin út.

### **Greinargerð:**

Samkeppniseftirlitið gaf út í febrúar 2016 skýrsluna „Competition in Waste Management Sector, preparing for a Circular Economy“ Tildrög skýrslunar voru aukin áhugi á samkeppni við meðhöndlun úrgangs og að úrgangur er ekki lengur aðeins vandamál heldur verðmætt hráefni. Niðurstaða skýrslunnar var að talsvert svigrúm væri til að auka samkeppni við meðhöndlun úrgangs á Norðurlöndunum. Mikilvægi virkrar samkeppni væru nýjar og skapandi lausnir, hagræðing, aukin verðmætasköpun og aukin skilvirkni. Tilmæli skýrsluhöfunda var að hvatt var til þess að fara í aukin útboð en að til þeirra yrði að vanda.

Ljóst má vera að kröfur til úrgangsmála munu aukast næstu árin og flækjustig þar með. Við slíkar aðstæður er mikilvægt að fá fram sem flest sjónarmið og úrlausnir með útboðum. Hvernig væri moltugerð á höfuðborgarsvæðinu í dag ef að verkefnið hefði verið boðið út í stað þess að sveitarfélögin fóru sjálf í þetta?

Reynsla sýnir að sparnaður nemi frá 10 – 47% frá kostnaði við eldri kerfi. Margt er hægt að skoða hjá Reykjavíkurborg. Má þar nefna að Reykjavíkurborg er eitt fárra sveitarfélaga á landinu sem er með eigin sorphirðu frá heimilum. Hefur sorphirðu verið ábótavant þar sem að hún er á höndum einkaaðila? Hér ætti að vera einfalt að skipta henni upp og bjóða út t.d. sorphirðu í ákveðnum póstnúmerum. Skoða mætti hversu vel slíkt gefst og hvort að slíkt leiði til ódýrari eða betri þjónustu við íbúa. Sama gæti átt við fleiri þjónustur.

Í ljósi sögunnar er ekki að sjá að Reykjavíkurborg sé undanskilin því að geta náð fram sparnaði. Þau sveitarfélög sem eru nefnd sem fyrirmynd í úrgangspjónustu eru mörg þjónustuð af einkaaðilum. Íbúar þar hafa ekki kvartað undan þeirri þjónustu og margir hverjir verið afar stoltir af því hve vel gengur.